



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

ÁRSSKÝRSLA

félagseininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir
árið 2017

Björgunarsveitin Kjölur

Nafn félagseiningar

Efni:

Efni:.....	2
Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2017	3
Upplýsingar um félagseiningu.	4
Ný Stjórn félagseiningar:	4
Formaður	4
Varaformaður.....	4
Gjaldkeri	5
Ritari	5
Meðstjórnandi	5
Meðstjórnandi	5
Meðstjórnandi	5
Fulltrúi í Svæðisstjórn	5
Fundir og Útköll.....	6
Helstu verkefni á árinu	6
Húsa- og tækjæign.....	8
Björgunarstöð / Tækjageymsla:	8
Aðstaða í björgunarstöð:	8
Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:.....	8
Tæki.	8
Bílar:	8
Bátar:	8
Fjór hjól:.....	8
Fjór hjól:.....	8
Viðauki A. Útköll á árinu.....	9

Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2017

Árið 2017 var efst á baugi að halda áfram vinnu við að styrkja fjárhaginn ásamt því að hlúa að félögum og innra starfi. Árið var erilsamt og mæddi mikið á hverjum og einum þegar kom að útköllum, ýmsum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins (SHS). verkefnum og fundum. Kjölur tók þátt í 80 útköllum, svipaður fjöldi og árið 2016 en þá varð töluverð aukning milli ára. Um helmingur útkalla sem sveitin sinnti voru vegna slysa og bráðaveikinda á vegum

Viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar tóku bæði tíma og fjármagn á árinu. Endurnýjun á Kjöl 2 var verkefni sem stóð fram á haust en þá var nýr bíll orðinn útkallshæfur. Einnig var nokkur vinna lögð í að ganga frá búnaði á Kjöl 1.

Tólf manns voru á útkallslista í lok árs og um fimm menn til viðbótar í þjálfun eða aðrir félagar.

Nýliðahópurinn var sá stærsti lengi með þrjá í þjálfun, þar af tveir frá Slysavarnadeildinni í Reykjavík. Að venju fór þjálfun fram gegnum æfingar og viðveru með sveitinni auk námskeiða á vegum björgunarskólans. Einn nýliðanna kláraði þjálfun á árinu og fór á útkallslista rétt fyrir áramótin. Sveitin eignaðist einnig hundateymi í A-flokki víðavangisleit um haustið.

Fjárhagur tók að réttast við í lok árs en þá var fjármögnun á nýjum bíl lokið. Slysavarnadeildin Varðan og kvenfélagið í Kjós veittu sveitinni góða styrki. Aðhald var í rekstri allt árið, þar sem vitað var að tækifæri til stærri fjáraflana hefðu dregist saman. Þátttaka björgunarsveita í gæslu á Menningarnótt féll niður og Kjölur var ekki með flugeldasölu um áramótin. Sala á Neyðarkallinum var sem fyrr stærsta og mikilvægasta fjárflokkunin. Nokkur minni launuð verkefni komu inn á borð sveitarinnar en flest voru ólaunuð. Ákvörðun um að sleppa flugeldasölu var tekin snemma á árinu, aðallega vegna mikillar vinnu undanfarin ár. Í kringum áramótin var talsverð umræða var í samfélaginu um flugeldasölu, loftmengun og fjáraflanir björgunarsveita og fékk Kjölur sinn skerf af athygli þegar fréttamenn komust að því að sveitin hafði ákveðið að vera ekki með flugeldasölu.

Tekið var þátt í helstu viðburði á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjörg (SL) á árinu; Landsþing á Akureyri, Safe travel deginum og slysavarnaráðstefnu. Einn Kjalarmanna sem jafnframt er félagi í slysavarnadeildinni í Reykjavík var kosinn í stjórn SL á Landsþinginu í maí og annar valinn fulltrúi í fatanefnd SL. Líkt og fyrri ár átti Kjölur einnig aðila í svæðisstjórn og landsstjórn.

Útköll

Útköll sem sveitin tók þátt í á árinu voru sem fyrr sagði 80, þar af voru 44 útköll á vegum SHS vegna bráðaveikinda og slysa á Kjalarnesi og í Kjós. Helstu flokkar útkalla voru leitir, óveður og ófærð, veikindi og slys og flest voru þau á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenninu. Í raun voru boðuð útköll mun fleiri, þar sem ekki var alltaf mannskapur tiltækur. Nokkrar leitir voru umfangsmiklar og stóðu yfir í fleiri daga.

Auk hefðbundinna útkalla sinnti sveitin ýmsum öðrum útköllum og verkefnum á hálendisvaktinni um sumarið. Kjölur fór með hóp á tíu daga viðbragðsvakt í Skaftafelli í júlí og einnig hálfu viku að Fjallabaki í lok sumars.

Tæki og búnaður

Nýr Kjölur 2, Toyota Land Cruiser, var tekinn í notkun snemma hausts og leysti gamla Kjöl 2 af. Áform voru um að selja gamla bílinn en áður en af því varð, kom upp alvarleg bilun sem ekki fékkst lausn á fyrir áramótin. Kjölur 1 var merktur með endurskini, vetrardekk voru endurnýjuð auk uppsetninga á ljóskösturum og spilfestingum.

Tölvur voru settar á bæði fjórhjólina og fjarskiptabúnaður í húsi bættur. Auk þess var ýmis annar smærri búnaður í tengslum við snjóflóð og óveður uppfærður.

Námskeið og æfingar

Haldið var gps námskeið á árinu og um vorið og haustið farið í upprifjun á vettvangshjálpi á vegum SHS. Einstakir félagar tóku námskeið á vegum björgunarskólans jafnt yfir árið.

Tekið var þátt í samæfingum bátaflokka og fjórhjóla auk ýmissa æfinga innan sveitar.

Önnur verkefni

Meðal verkefna á árinu voru slysavarnaverkefni og nokkur gæsluverkefni - m.a. þátttaka í Hátíð Hafsins/Sjómannadeginum í Reykjavíkurhöfn, Kjalarnesdeginum, Safe Travel degi og minningardegi fórnarlamba umferðarslysa.

Endurskinsmerki voru í samvinnu við slysavarnadeildina í Reykjavík dreifð í þrjá skóla á höfuðborgarsvæðinu og komið að uppsetningu Björgvinsbeltis við Meðalfellsvatn.



Á viðbragðsvakt í Skaftafelli júlí 2017

Upplýsingar um félagseiningu.

Nafn félagseiningar: Björgunarsveitin Kjölur
 Sveitarfélag: Kjalarnes, Reykjavík Kt: 690390-1089
 Fjöldi félaga: 18 Félagar á útkallsskrá: 12
 Kallmerki: KJÖLUR Kennitala: _____

Ný Stjórn félagseiningar:

Formaður

Nafn: Brynjar Már Bjarnason Kt.: 290480-4509
 Heimili: Ljósavík 10 Staður: Reykjavík Pnr 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6602962
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: bimmim80@gmail.com

Varaformaður

Nafn: _____ Kt.: _____
 Heimili: _____ Staður _____ Pnr. _____
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: _____
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: _____

Gjaldkeri

Nafn: Sonja Þórey Þórsdóttir Kt.: 300578-4119
 Heimili: Leifsgata 16 Staður: Reykjavík Pnr.: 101
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6946434
 Gsm _____ Boðtæki: _____ Netfang: sonjathorey@gmail.com

Ritari

Nafn: Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjuginn 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6168493
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: teddit@simnet.is

Meðstjórnandi

Nafn: Bjarki Þór Arnarson Kt.: _____
 Heimili: Rauðhamrar 10 Staður: Reykjavík Pnr.: 112
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 6991700
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: kjolurbjargar@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Adam Finnsson Kt.: 160189-2079
 Heimili: Jöklasel 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 109
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8455839
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: adam.benedikt.finnsson@gmail.com

Meðstjórnandi

Nafn: Árni G Sveinsson Kt.: 231168-4279
 Heimili: Jörfagrund 1 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: 8933568
 Gsm: _____ Boðtæki: _____ Netfang: arnigs@simnet.is

Fulltrúi í Svæðisstjórn

Nafn Anna Filbert Kt.: 291158-4049
 Heimili: Esjuginn 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116
 Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Farsími: _____
 Gsm 6168493 Boðtæki: _____ Netfang: teddit@simnet.is

Fundir og Útköll

Bókfærðir: Stjórnarfundir: 6
 Félagfundir: 8
 Aðrir fundir 11

Fjöldi útkalla árið 2016: **80**

Leit á landi : 17 slys og veikindi: 45
 Óveður: 6 björgun : 3
 Önnur aðstoð á landi: 5 leit og björgun á sjó: 4

Helstu verkefni á árinu

Í tímaröð: (dags. og stutt lýsing)

Janúar:	7 x útköll Þrettándasala flugelda GPS námskeið í Þórnyjarbúð Gæsla á Þorrablóti Kjósverja
Febrúar:	11 x útköll Upprifjun vettvangshjálpa á vegum SHS
Mars:	7 x útköll Fundur með slysavarnadeildinni Vörðunni
Apríl:	4 x útköll Aðalfundur
Mái:	7 x útköll Samæfing bátahópa við Engey Landsþing Akureyri
Júní:	10 x útköll Hátíð Hafsins/Sjómannadagurinn í Reykjavíkurböfn Samæfing fjórhjóra á Reykjanesi Safe travel dagur Mosfellsbæ Gæsla Nova tónleikar Esjan Uppsetning Björgvinsbeltis við Meðalfellsvatn Kjalarnesdagur
Júlí:	8 x útköll Skaftafell - vinnuferð Gæsla WOW cyclothon Viðbragðsvakt í Skaftafelli
Ágúst:	5 x útköll Nýr Kjölur 2 tekinn í notkun Gæsla á brekkusöng í Kjós Hálendisvakt að Fjallabaki
September:	5 x útköll A-hunda teymi

Október: 7 x útköll
Slysavarnaráðstefna í Reykjavík

Nóvember: 6 x útköll
Endurskinsmerki í Klettaskóla, Brúarskóla og Klébergsskóla
Minningarathöfn fórnarlamba umferðarslysa
Neyðarkallinn – fjáröflun

Desember: 3 x útköll
Upprifjun vettvangshjálpa
Ljósaganga Ljósíð í Esjunni
Flugeldasýning á gamlárabrennu á Klébergi

Húsa- og tækjæign

Björgunarstöð / Tækjageymsla:

Húsnæði / leiguhúsnæði

Heimilisfang: Þórnýjarbúð

Póstnr: 116 Staður: Reykjavík

Aðstaða í björgunarstöð:

Stjórnstöð Bílageymsla Bátageymsla Sleðageymsla

Fundarsalur Skápar fyrir einstaklingsbúnað

Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:

Sími: **5667557** Óskráður sími: _____

Farsími: _____ Farsími: _____

Myndriti: _____ Netfang: **bjorgunarsveit@simnet.is**

SSB VHF. bj.sv.rás VHF bátastöð

VHF alm.v.rás VHF leitari (skanner) XTetra

VHF miðunarstöð CB rásir fjöldi VHF handtalstöðva : 5

Tæki.

Bílar:

Tegund: **Ford Econoline** Árgerð: **2005** Kallmerki: **KJÖLUR 1**

Skr.nr **MKG43**

Fjarskipti : farsíma nr. **(841-3111)** VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað **Tetra bílstöð (641-3111)**

Tegund: **Toyota Land Cruiser** Árgerð: **2017** Kallmerki: **KJÖLUR 2**

Skr.nr : **RRS22**

Fjarskipti : farsíma nr. **841-3112** VHF SSB CB XGPS XTetra

Annað **Tetra bílstöð 641-3110**

Bátar:

tegund: **Zodiac Mk 4** árgerð: **2006** Fjarskipti: VHF CB XGPS XTetra

Fjór hjól:

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2014** Skr.nr : **DID74**

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Fjór hjól:

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2014** Skr.nr : **FFE13**

Fjarskipti : Farsími VHF SSB CB XGPS XTetra

Viðauki A. Útköll á árinu

80. **Leit að bát í Hvalfirði**

31. desember **F3** kl 11:57 Nokkrar björgunarsveitir voru kallaðar út þegar talið var að bátur hefði sent út neyðarmerki innarlega í Hvalfirði. Kalt var í veðri og töluverður vindur út fjörðinn. Kjölur fór út með bát og bæði ökutækin til leitar á sjó og frá landi, alls 7 manns. Ekkert athugavert fannst við leit og var aðgerðin í kjölfarið blásin af.

79. **Endurlífgun**

8. desember **F1** kl 15:54 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna endurlífgunar. Einn fór á staðinn á Kjöl 2.

78. **Árekstur**

4. desember **F2** kl 10:16 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna áreksturs á vesturlandsvegi. Einn Kjalarmaður var á leið í útkallið á Kjöl 2, þegar í ljós kom að ekki var þörf á frekari aðstoð.

77. **Brjóstverkur**

22. nóvember **F1** kl 11:07 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna einstaklings með brjóstverk á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

76. **Slasaður einstaklingur**

19. nóvember **F2** kl 00:12 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna manns, sem lá slasaður utandyra á Kjalarnesi. Þrír menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

75. **Öndunarerfiðleikar**

17. nóvember **F1** kl 19:40 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í heimahúsi á Kjalarnesi. Þrír menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

74. **Neyðarstig Keflavíkurflugvöllur**

16. nóvember **F1** kl 05:53 Viðbragðsaðilar á sv-horninu voru kallaðir út þegar lendingarbúnaður flugvélar á leið til Keflavíkur bilaði. Vélin lenti heilu og höldnu á öðrum hreyflinum skömmu síðar. Fjórir menn voru á leið til Keflavíkur á Kjöl 2 þegar aðgerð var afturkölluð.

73. **Umferðaróhapp á Vesturlandsvegi**

14. nóvember **F2** kl 01:42 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna hálkuslyss þar sem ökumaður ók út af Vesturlandsvegi og ofan í skurð. Tveir menn fóru á slysstað á Kjöl 2.

72. **Kröpp lægð á höfuðborgarsvæðinu**

5. nóvember **F2** kl 18:00 Víða voru björgunarsveitir kallaðar út þegar kröpp lægð kom inn yfir landið. Á höfuðborgarsvæðinu var nokkuð um foktjón og hættur, aðallega af byggisvæðum. Sex Kjalarmenn voru í viðbragðsstöðu húsi á meðan á veðrinu stóð og björguðu m.a. hröktum ökumanni af Vesturlandsvegi.

71. **Slasaður einstaklingur**

24. október **F2** kl 21:32 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna manns sem hafði slasast utandyra í Grundahverfi. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

70. **Leit á Sólheimasandi**

24. október **F2** kl 13:23 Leitarmenn á Suðurlandi voru kallaðar út ásamt hundateymum og drónahópum víðsvegar að, þegar ferðamanns var leitað á Sólheimasandi. Eitt hundateymi af Kjalarnesi var að leggja af stað austur þegar maðurinn fannst.

69. **Krampi**

23. október **F1** kl 18:03 Útkall á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda rétt utan Grundahverfis. Einn Kjalarmaður fór á vettvang á Kjöl 2.

68. **Kajakræðarar í vandræðum**

15.október **F1** kl 10:01 Kjölur var kallaður út ásamt öðrum viðbragðsaðilum þegar tveir kajakræðarar lentu í sjónum í Kollafjarðarbotni. Mennina rak út með firðinum en gátu haldið sér í kajakinn og voru að taka land þegar að var komið. Kjölur slöngubátur með þriggja manna áhöfn var á leiðinni á vettvang, þegar útkallið var afturkallað.

67. **Brjóstverkur**

5.október **F1** kl 8:58 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna einstaklings með brjóstverk í heimahúsi á Kjalarnesi. Einn maður fór á vettvang á Kjöl 1.

66. **Árekstur**

1.október **F1** kl 20:23 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna áreksturs í Kjós. Bifreið með tveimur mönnum ók á nautgrip. Þrír menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

65. **Leit við Grafarholt**

1.október **F2** kl 00:05 Leit að ungum pilti í Grafarholti og nágrenni. Bjargir á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum voru kallaðar út en viðkomandi fannst heill á húfi seinna um nóttina. Tveir Kjalarmenn fóru til leitar á Kjöl 2.

64. **Aðskotahlutur í hálsi**

23.september **F1** kl 18:28 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna barns með aðskotahlutur í hálsi. Einn Kjalarmaður fór á vettvang á Kjöl 2.

63. **Sjóslys við Kirkjusand**

19.september **F1** kl 22:02 Bátar og skip voru kölluð út á hæsta forgangi þegar talið var að skipverjar á litlum bát væru í hættu staddir. Fljótlega eftir að fyrstu bátar komu á staðinn var ljóst að um gabb var að ræða og viðkomandi bátur kominn til hafnar. Slöngubátur með áhöfn var að gera sig klárann í sjósetningu þegar afturköllun barst.

62. **Neyðarstig Keflavíkurflugvöllur**

13.september **F1** kl 19:32 Viðbragðsaðilar voru kallaðir út þegar tilkynnt var um eld um borð í Airbus vél á leið til Keflavíkur. Vélin lenti heilu og höldnu skömmu síðar. Tveir Kjalarmenn voru á leið úr húsi á Kjöl 1 þegar útkallið var afturkallað.

61. **Leit í Reykjavík**

10.september **F2** kl 17:09 Leit að konu af elliheimilinu Grund. Konan fannst stuttu eftir boðun. Tveir menn voru farnir af stað til leitar á Kjöl 2, þegar afturköllun barst.

60. **Leit við Vífilsstaði**

1.september **F2** kl 15:26 Leit að konu við Vífilsstaði. Allar sveitir á svæði 1 voru kallaðar út en konan fannst heil á húfi skömmu síðar. Einn Kjalarmaður fór til leitar með fjórhjól.

59. **Öndunarerfiðleikar**

16.ágúst **F1** kl 15:26 Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

58. **Leit við Kópavog**

9.ágúst **F2** kl 22:26 Leit að manni í og við Kópavog. Þrír menn voru við leit fram á nótt á fjórhjólum og Kjöl 1. Maðurinn kom fram um morguninn.

57. **Leit við Miðdal**

7.ágúst **F2** kl 11:14 Leit að manni sem hafði ekki skilað sér á tjaldstæðið við Miðdal. Eitt leitarhundateymi frá Kili fór austur en maðurinn fannst áður en komið var á staðinn.

56. **Öndunarerfiðleikar**

4.ágúst **F1** kl 14:54 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndurerfiðleika í heimahúsi í Grundarhverfi. Einn maður fór á staðinn.

55. **Umferðaslys við Hvalfjarðargöng**

4.ágúst **F2** kl 7:50 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna umferðaróhapps við Hvalfjarðargöng. Tveir menn fóru af stað á Kjöl 2 en Neyðarlínan afturkallaði þar sem slysið var Akranesmegin.

54. **Leit við Hvítá**

20.júlí **F3** kl 9:00 Kjölur sendi einn straumvatnsbjörgunarmann og einn aðgerðastjórnanda austur að Gullfossi til leitar að manni sem féll í ána deginum áður. Fjölmennt lið leitarmanna af suðurlandi og suðvesturhorninu var að störfum báða dagana. Leit bar ekki árangur.

53. **Leit á höfuðborgarsvæðinu**

18.júlí **F2** kl 23:02 Leit að einhverfum pilti í Seljahverfi og Breiðholti. Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru boðaðar. Leitarhópur fann piltinn heilan á húfi eftir stutta leit. Þrír Kjalarmenn á Kjöl 1 auk hundateymis fóru í leitina.

52. **Hættustig-rauður-Keflavíkurflugvöllur**

16.júlí **F2** kl 9:16 Boðað hættustig á Keflavíkurflugvelli vegna farþegaflugvélar sem missti afl á einum hreyfli. Útkallið var fljótlega lækkað í óvissustig og björgunarsveitir afturkallaðar. Vélin lenti heilu og höldnu skömmu síðar. Tveir menn voru farnir úr húsi á Kjöl 2, þegar afturköllun barst.

51. **Umferðaróhapp í Hvalfjarðargöngum**

13.júlí **F2** kl 23:46 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna umferðaóhapps í Hvalfjarðargöngum. Ekki reyndust slys á fólki og tók lögregla við málinu. Fjórir Kjalarmenn voru komnir ofan í göng á Kjöl 2, þegar útkallið var afturkallað.

50. **Leit í Reykjavík**

7.júlí **F2** kl 17:58 Leit að konu í vesturbæ Reykjavíkur. Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út. Tvö fjórhjólategymi voru að leggja af stað úr húsi þegar konan fannst.

49. **Bráðaveikindi**

7.júlí **F1** kl 15:16 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í Grundarhverfi. Þrír menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

48. **Leit við Hafnarfjörð**

4.júlí **F2** kl 22:30 Leit að manni frá Hafnarfirði sem ekkert hafði spurst til í sólarhring. Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi voru kallaðar út til leitar að manninum og bílnum sem hann var á. Kjölur 1 og 2 fóru til leitar með fimm mönnum. Maðurinn fannst heill á húfi skömmu síðar.

47. **Bráðaveikindi**

2.júlí **F2** kl 19:45 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í heimahúsi í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

46. **Umferðaróhapp**

30.júní **F2** kl 04:54 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna umferðaróhapps í Hvalfjarðargöngum. Þrír menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

45. **Brjóstverkur**

27.júní **F1** kl 19:35 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í heimahúsi í grennd við Grundarhverfi. Þrír menn fóru á staðinn á Kjöl 2

44. **Framhaldsleit við Elliðaárdal**

25.júní **F3** kl 9:00 Framhaldsleit í og við Elliðaárdal að litháskum manni. Leitaðir voru ósar, strandlengjur og upp með ánni. Eitt hundateymi frá Kjalarnesi fór til leitar. Ekkert nýtt kom fram.

43. **Bráðaveikindi**

25.júní **F2** kl 07:06 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

42. **Leit við Elliðaárdal**

19.júní **F3** kl 19:34 Leit að manni sem ekkert hafði spurst til í nokkrar vikur. Björgunarsveitir voru kallaðar út til leitar í og við Elliðarárdal, þar sem bíll mannsins fannst. Eitt hundateymi og tveir göngumenn til viðbótar fóru á vegum sveitarinnar. Leit bar ekki árangur.

41. **Brjóstverkur**

19.júní **F1** kl 16:20 Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í Grundarhverfi. Svo vel vildi til að sjúkrabíll var staddur við hverfið. Einn maður fór á staðinn á Kjöl 2.

40. **Hjólreiðaslys**

18.júní **F1** kl 15:22 Útkall á vegum slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna umferðaslyss þar sem ökumaður bíls ók á hjólreiðamann. Þrír menn fóru á vettvang á Hvalfjarðarvegi á Kjöl 2.

39. **Bátur að sökkva**

5.júní **F1** kl 10:17 Bátar og skip voru kölluð út á vegum Landhelgisgæslunnar þegar talið var að bátur væri að sökkva við Presthúsatanga á Kjalarnesi. Tveir Kjalarmenn fóru og gerðu slöngubát klárann en útkallið var afturkallað fyrir sjósetningu. Í ljós kom að engin hætta var á ferðum.

38. **Bráðaveikindi**

4.júní **F2** kl 18:06 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í Grundarhverfi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

37. **Umferðaróhapp**

3.júní **F2** kl 08:54 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins þegar lamb hljóp í veg fyrir ökumann mótörhjóls á Hvalfjarðarvegi svo hann féll við. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

36. **Leit við Helgafell**

29.maí **F2** kl 23:09 Leit að fjallahlauparar sem varð viðskila við félagá sinn og villtist við Helgafell. Kalsaríning var á svæðinu og dimmt yfir. Fyrstu sveitir voru boðaðar upp úr kl 22 og bætt í þegar fystu viðbrögð báru ekki árangur. Eitt hundateymi og tvö fjórhjól voru á leið í Hafnarfjörð þegar maðurinn fannst heill á húfi, en kaldur, um 8 km frá Helgafelli.

35. **Skert meðvitund**

29.maí **F2** kl 18:56 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna skertrar meðvitundar í heimahúsi á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

34. **Bráðaveikindi Kjós**

27.maí **F2** kl 21:46 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í sumarbústað í Kjós. Einn maður fór á staðinn á Kjöl 2.

33. **Bráðaveikindi**

20.maí **F2** kl 13:43 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda. Viðkomandi var farþegi í bíl á leið um Kjalarnes. Útkallið var afturkallað fljótlega eftir að farið var úr húsi. Einn maður lagði af stað á Kjöl 1.

32. **Sjálfhelda í Esju**

19.maí **F2** kl 13:19 Sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út vegna göngumanns í sjálfheldu við þverfellshorn. Björgunarsveitarmaður sem var á göngu í grenndinni kom viðkomandi til bjargar. Einn Kjalarmaður á fjórhjólí var að leggja af stað úr bækistöð þegar útkallið var afturkallað.

31. **Krampi/flog**

18. maí **F1** kl 16:24 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í Grundarhverfi. Einn maður fór á staðinn á Kjöl 1.

30. **Leit við Grafarvog**

6. maí **F2** kl 03:59 Leit að konu við Grafarvog. Konan kom fram heil á húfi þegar fyrstu hópar mættu á staðinn. Eitt hundateymi var á leið í bæinn þegar konan fannst.

29. **Meðvitundarleysi**

30. apríl **F1** kl 23:18 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í Kjós Tveir menn fóru á staðinn.

28. **Öndunarerfiðleikar**

27. apríl **F1** kl 23:25 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika. Þrír menn fóru á staðinn.

27. **Slys í Esjunni**

23. apríl **F2** kl 13:20 Kyndill og Kjölur voru kallaðar út til aðstoðar sjúkraflutningamönnum þegar maður slasaðist í snjóflóði austur af Þverfellshorni. Þrír menn voru á leið úr húsi á Kjöl 1 þegar í ljós kom að ekki var þörf á aðstoð.

26. **Brjóstverkur**

15. apríl **F1** kl 14:38 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Kjós. Tveir menn fóru til móts við sjúkling og ferjuðu áleiðis í sjúkrahúsi, á Kjöl 2.

25. **Öndunarerfiðleikar**

26. mars **F1** kl 04:22 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

24. **Aðsvif/slasaður einstaklingur**

25. mars **F2** kl 15:34 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna manns sem missti meðvitund og slasaðist í kjölfarið. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

23. **Bráðaveikindi í Kjós**

18. mars **F2** kl 23:53 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda. Viðkomandi var keyrður til móts við björgunarsveitarbíl og þaðan til móts við sjúkrahúsi. Tveir menn fóru á Kjöl 2.

22. **Leit á höfuðborgarsvæðinu**

12. og 18. mars **F2** kl 10:53 Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út 12. mars, í leit að ungu manni sem ekkert hafði spurst til síðan 1. mars. Leitað var frá landi, lofti og sjó með fjörum frá Gróttu að Álftanesi án árangurs. Kjölur fór með slöngubát og gönguhóp til leitar - alls fimm manns.

Helgina eftir var aftur leitað á svipuðum slóðum og var þá þriggja manna gönguhópur við leit við fjörur á Seltjarnarnesi og Kársnesi. Leitin var ekki árangur.

21. **Óveður við Skrauthóla**

10. mars **F3** kl 20:56 Sveitin var kölluð út þegar 25 kg plastplötur og skúr tókust á loft við Skrauthóla. Um 45 m/sek var í hviðum og fuku plötur í átt að vesturlandsvegi. Tryggja þurfti lausar plötur og brak og lokaði lögregla þjóðveginum á meðan. Eins var fjöldahjálparstöð opnuð í Klébergsskóla.

20. **Brjóstverkur**

3. mars **F2** kl 14:53 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks á Kjalarnesinu. Einn Kjalarmaður fór á staðinn á Kjöl 2.

19. **Slasaður einstaklingur**

1. mars **F2** kl 07:53 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna hálkuslyss í Grundarhverfi. Einn maður fór á vettvang á Kjöl 2.

18. Brjóstverkur

26. febrúar **F2** kl 17:38 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í heimahúsi í Grundarhverfi. Þrír Kjalarmenn fóru í útkallið á Kjöl 2.

17. Öndunarerfiðleikar

26. febrúar **F1** kl 06:31 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í heimahúsi á Kjalarnesi. Mikil ófærð var á höfuðborgarsvæðinu öllu og þurfti aðstoðar snjóruðningstækis um Brautarholtsveg fyrir viðbragðsaðila. Mennt fóru gangandi síðasta spölinn á vettvang vegna snjóalaga. Tveir Kjalarmenn fóru í útkallið á Kjöl 1.

16. Snjómet á höfuðborgarsvæðinu

26. febrúar **F3** kl 04:37.05 Mikill snjór féll á örskömmum tíma á höfuðborgarsvæðinu, eða um 50 cm. Allar götur innanbæjar voru ill- eða ófærar um tíma og vegum til og frá borginni var einnig lokað. Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins var virkjuð um nóttina og fjölmörg verkefni komu inn. Ekki var hægt að sinna föstum bílum að ráði, vegna fjölda verkefna, heldur unnu björgunarsveitir fram eftir degi, aðallega í að ferja heilbrigðisstarfsfólk til vinnu og aðstoða SHS. Kjölur sinnti verkefnum á Kjalarnesi og Hvalfjarðarvegi með Kjöl 1 og 2 þegar búið var að moka bílana úr. Alls komu sex menn að deginum.

15. Ofsaveður á Kjalarnesi

24. febrúar **F3** kl 07.18 Austan rok með skafrenningi, krap og seinna reingingu herjaði á hluta sv-hornsins. Vesturlandsvegur var lokaður um tíma vegna slæmra akstursskilyrða enda fóru hviður yfir 50 m/sek við Skrauthóla. Klébergsskóli var opnaður sem fjöldahjálparstöð og hýsti rúmlega 200 manns sem varð að bíða af sér veðrið. Kjölur sá um lokuarpóst við Grundarhverfi og sinnti nokkrum fokverkefnum á svæðinu. Fimm manns skiptu með sér verkum yfir daginn.

14. Óveður á Mosfellsheiði

21. febrúar **F3** kl 12.05 Tilkynt var um marga bíla í vandræðum á Mosfellsheiði og voru Kyndill og HSSR kallaðar út. Kjöl 1 og tveir menn fóru til aðstoðar stuttu síðar, þegar bílvelta varð á svipuðum slóðum. Mikil hálka var á heiðinni, hvasst og snjócoma og var vegurinn lokaður um tíma. Ekki kom til þess að aðstoða þurfti ökumenn.

13. Öndunarerfiðleikar

19. febrúar **F1** kl 12.29 Kallað út á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í íþróttamiðstöðinni að Klébergi. Fjórir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

12. Öndunarerfiðleikar

19. febrúar **F2** kl 07.08 Útkall á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna öndunarerfiðleika í heimahúsi á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á staðinn á Kjöl 2.

11. Leit í Hafnarfirði

15. febrúar **F2** kl 20.37 Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru boðaðar í leit að konu í og við Hafnarfjörð. Konan kom fram í miðbæ Reykjavíkur tæplega 2 klst síðar. Tveir Kjalarmenn fóru til leitar á fjórhjólunum.

10. Öndunarerfiðleikar

13. febrúar **F1** kl 01.24 Kallað út á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda í heimahúsi á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

9. Óveður á höfuðborgarsvæðinu

8. febrúar **F2** kl 12.29 Allar björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru boðaðar um hádegisbil vegna fokverkefna. Fyrr um morgunin voru fáir hópar og Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins að störfum en þegar bættust við verkefni var aukið við mannskap. Vindurinn datt niður fljótlega eftir hádegi. Þrír Kjalarmenn fóru í eftirlitsferð um Grundarhverfi og nágrenni en ekki varð teljandi tjón á Kjalarnesinu.

8. Sjálfhelda í Esju

6. febrúar **F2** kl 18.12 Göngumaður lenti í sjálfheldu vegna veðurs ofarlega í Esjunni við Mógilsá. Mjög hvasst var á svæðinu og ekki stætt. Kyndill úr Mosfellsbæ og Kjölur voru boðaðir og sóttu

göngumanninn á fjórhjólum. Auk þess var Kjölur 1 á svæðinu.

7. Snjóflóð í Esju

28. janúar **F1** kl 16.54 Þrír menn lentu í snjóflóði við Grafardal austan við Kistufell. Björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu ásamt snjóflóðaleitarhundum af öðrum svæðum voru boðaðar. Þyrla LHG aðstoðaði við björgunina. Þrír Kjalarmenn fóru í útkallið á fjórhjólum og Kjöl 1, sem var nýttur sem stjórnstöð um tíma.

6. Leitin að ungri konu

16.-22. janúar **F2-F3** Umfangsmikil leit á höfuðborgarsvæðinu og SV-horninu að ungri konu sem fannst myrt viku eftir að hún hvarf. Kjölur var við leit með göngumönnum, bílum og fjórhjólum í upphafi leitar og um helgina, þegar efnt var til alsherjar leitar með björgum frá öllu landinu. Allir tiltækir virkir félagar á útkallsskrá Kjalara komu að leitinni með einum eða öðrum hætti, alls 10 manns.

5. Fæðingaraðstoð

22. janúar kl 01.01 **F2** Kallað út á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna yfirvofandi fæðingar í heimahúsi á Kjalarnesinu. Einn maður fór á staðinn á Kjöl 2.

4. Sjálfhelda í Esjunni

18. janúar kl 15.08 **F2** Göngumaður lenti í vanda í Esjunni vegna slæms veðurs, ofkælingar og veikinda. Tvær björgunarsveitir voru kallaðar út og fóru á staðinn. Þyrla LHG sótti konuna þegar ljóst varð að burðar þyrfti við. Kjölur mætti með fjóra menn, bæði fjórhjólin og Kjöl 1.

3. Brjóstverkur

7. janúar kl 18.54 **F1** Kallað út á vegum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Grundarhverfi. Þrír menn fóru á vettvang á Kjöl 2.

2. Leit á Vatnsleysuströnd

1. janúar kl 20.00 **F2** Leit á Vatnsleysuströnd þar sem sveitir af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu tóku þátt. Þrír menn fóru með Kjöl 1 og fjórhjól suður en viðkomandi kom fram heill á húfi áður en Kjalarmenn komu á staðinn.

1. Inntaka

1. janúar kl 19.14 **F2** Kallað út á vegum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Grundarhverfi. Hluti af útkallinu var leit. Þrír Kjalarmenn tóku þátt ásamt leitarhundi og Kjöl 2.